



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Guðfræðideild

v/ Suðurgötu, 101 Reykjavík
Sími 525 4348
Bréfsími 552 1331

Alþingi
Erindi nr. P 125/589
komudagur 20.12.1999

Reykjavík, 20. desember 1999

Allsherjarnefnd Alþingis

Meðfylgjandi er umsögn guðfræðideildar Háskóla Íslands um frunvarp til laga um afnám gjalds á menn utan trúfélaga 134. mál, sem samþykkt var samhljóða á deildarfundi í dag 20. desember 1999.

Virðingarfyllst,

Ásdís Guðmundsdóttir

Ásdís Guðmundsdóttir,
skrifstofustjóri guðfræðideildar.



Umsögn guðfræðideildar Háskóla Íslands um frumvarp til laga um afnám gjalds á menn utan trúfélaga

Gjaldi því, sem lagt er til að fellt sé niður samkvæmt frumvarpi þessu, er ætlað að jafna aðstöðu þeirra sem eiga aðild að trúfélögum og hinna sem kjósa að standa utan trúfélaga, sem og að tryggja að enginn sé skyldaður til að greiða til trúfélags sem hann er ekki þátttakandi í. Tillögur hafa áður komið fram um að fella gjald þetta niður en ekki náð fram að ganga. (Sjá Magnús Jónsson: Alþingi og kirkjumálin 1845-1943. Reykjavík, 1952.)

Ef tryggja á óskorað trúfrelsi í landinu er m.a. mikilvægt

- að enginn sé skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild að (sbr. 64. gr. stjórnarskrárinnar)
- að trúfélögum sé ekki mismunað með mismunandi fjárveitingum eða fjárhagslegri fyrirgreiðslu frá hinu opinbera
- að opinberum gjöldum einstaklinga sé hvorki með beinum eða óbeinum hætti ráðstafað til eflingar trúfélaga sem viðkomandi á ekki aðild að.

Ekki verður séð að gjaldtaka á borð við þá sem hér um ræðir skerði trúfrelsi í ofangreindum atriðum. Það kann þó að koma í veg fyrir að fólk velji að standa utan trúfélaga af fjárhagsástæðum einum saman. Á þann hátt má líta á það sem óbeinan stuðning við starf trúfélaga almennt án þess að stuðningurinn beinist að neinu einu félagi. Hins vegar verður ekki séð að hann brjóti í bága við trúfrelsi eða skerði það. Í nýlegri skýrslu er tekin var saman á vegum Eyrstrasaltsráðsins og fjallar um trúfrelsi og stöðu trúfélaga í aðildarríkjum þess er bent á gjald það sem hér um ræðir án þess að það sé gagnrýnt.